

**Fundargerð**  
**Fundur þróunarsamvinnunefndar 25. Mars 2022**  
**Kl. 09-11 á Teams**

**Mætt:**

Þórir Guðmundsson formaður þróunarsamvinnunefndar, Atli Viðar Thorstensen, fulltrúi félagasamtaka, Rauði krossinn á Íslandi, Bergþór Ólason, Miðflokk, Birna Þórarinsdóttir, fulltrúi félagasamtaka, UNICEF á Íslandi, Bjarni Jónsson, Vinstri grænum, Bryndís Kjartansdóttir, Sjálfstæðisflokk, Geir Gunnlaugsson, fulltrúi háskólasamfélagsins, Gísli Rafn Ólafsson, Pírötum, Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop, fulltrúi félagasamtaka, Barnaheill - Save the Children á Íslandi, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi atvinnulífsins, Laufey Birgisdóttir, fulltrúi félagasamtaka, ABC barnahjál, SOS barnaþorpum, Stella Samúelsdóttir, fulltrúi félagasamtaka, UN Women á Íslandi, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Viðreisn, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni, Þórarinn Ingi Pétursson, Framsóknarflokk.

Halldór Benjamín Þorbergsson, Samtökum atvinnulífsins, Jakob Frímagn Magnússon, Flokki fólksins og Ragnar Schram, fulltrúi félagasamtaka SOS Barnaþorpin á Íslandi, boðuðu forföll.

**Fulltrúar utanríkisráðuneytisins:** Katrín Einarsdóttir, alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa, Áslaug Karen Jóhannsdóttir, upplýsinga og greiningardeild og Gunnar Salvarsson, upplýsinga- og greiningardeild.

**Nefndarritari:** Sóley Ásgeirsdóttir

**1. Fundur settur (09:02-09:05)**

Formaður bauð fulltrúa velkomna og lagði fram fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Fundargerð var samþykkt án athugasemda. Farið var yfir dagskrá fundarins og fundur opnaður.

**2. Staðan í Úkraínu og þörf fyrir mannúðaraðstoð (09:06-09:48)**

Sérfræðingur með málefni mannúðar á alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu fór yfir stöðu mála vegna Úkraínu. Í stuttu máli er ástand mjög ótryggt í víða í landinu og breytist það dag frá degi. Nokkrar borgir eru án rafmagns og annarra innviða og er mannúðaraðgengi gríðarlega erfitt þar sem alþjóðleg mannúðarlög og vernd borgara eru virt að vettugi. Skv. Mannréttindastofnun SÞ hafa um 977 fallið í átökunum og yfir 1500 særst (tölur frá 25.03.22). Ekkert lát er á sprengjuárásum á borgaralegar byggingar. Gerir ástandið mannúðarsamtökum erfitt um vik að dreifa hjálpargögnum til þeirra sem þurfa. Er talið að átökin muni ógna fæðuöryggi um allan heim en þó fyrst og fremst í þróunarríkjum.

Flóttamenn yfir landamærin frá Úkraínu eru komnir yfir 3,5 milljónir; þar af eru um 2 milljónir í Póllandi. Einnig er áætlað að um 5-6 milljónir séu á hrakhólum innan eigin landamæra í Úkraínu. Um 377 manns hafa sótt um vernd en áætlað er að fleiri hafi komið til landsins en fólk getur dvalið á Íslandi í 90 daga án þess að þurfa áritun. Flest evrópuríki hafa tilkynnt um móttöku flóttamanna vegna Úkraínu þar á meðal Noregur, Danmörk og Svíþjóð. Einnig hafa Færeyjar tilkynnt að þær muni taka á móti flóttamönnum í fyrsta skipti (tölur frá 25.03.22). Eins

og tilkynnt hefur verið um þá hefur Flóttamannanefnd samþykkt að skoða móttöku viðkvæmra hópa frá Úkraínu.

Samþætt mannúðarákall frá SP vegna Úkraínu telur fram aðgerðir uppá 1,7 milljarða bandaríkjadollara þ.m.t. aðgerðir innan Úkraínu sem og í nágrennaríkjum. Stærsti hluti ákallsins er til aðgerða innan Úkraínu og eru þar um 37% af aðgerðum fjármögnuð en um 90% af fjárþörf vegna nágrennaríkja hefur verið náð.

Ísland hefur gert rammsamninga um óeyrnamerkt kjarnaframlög við lykilstofnanir SP á vegum mannúðarmála, þ.m.t. UNHCR, WFP, OCHA og CERF. Kjarnaframlög sem þessi gera stofnunum kleift að forgangsraða fjármagni hverju sinni. Unnið er í samstarfi við þessar sömu lykilstofnanir þegar fjárframlög vegna mannúðaraðgerða vegna Úkraínu eru skoðuð.

Þegar hefur verið tilkynnt um rúmlega 360 milljónir til samstarfsstofnanna vegna aðgerðum tengdum Úkraínu og nágrennaríkjum (50 milljónir til OCHA CBPF, 50 m.kr. til UNHCR, UNFPA, UNICEF; ICRC og 45 milljónir í gegnum rammasamning við Rauða krossinn á Íslandi. Einnig munu 65 milljónir fara í gegnum Alþjóðabankann til stuðnings efnahagsaðgerða í Úkraínu. Er hluti framlags UTN til Rauða krossins á Íslandi eyrnamerkur aðgerðum í Moldóvu. Að auki við fyrri framlög hefur forsætisráðherra ákveðið að veita 1 milljón evra í viðbót til mannúðaraðstoðar en ekki hefur verið ákveðið nánar um skiptingu.

Fram kom í máli fulltrúa ráðuneytisins að framlög tengd ástandinu í Úkraínu væru til viðbótar öðrum framlögum sem þegar hafa verið ákveðin til þróunarsamvinnu.

Fulltrúi félagasamtaka ræddi stuðning Rauða kross hreyfingarinnar á svæðinu en þar er verið að virkja starfsemi og flutning hjálpargagna. Erfitt hefur reynst að tryggja örugga viðtakendur innan Úkraínu og er fjöldi viðbragðsaðila á svæðinu að flækja starfsemi. Lögð er áhersla á að tala fyrir virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum og mannréttindum og hefur yfirmaður ICRC verið að funda með aðilum átakanna.

Fulltrúi félagasamtaka ræddi stöðu barna en um 3,5 milljónir barna eru á flótta og því er mikil krísa í vændum varðandi barnavernd. Vinnur Barnahjálpi SP með stjórnvöldum í Úkraínu og nágrennaríkjum að því að tryggja barnavernd ásamt því að skima fyrir fylgdarlausum börnum. Ítrekað var að það skipti máli að öllum börnum á flótta sé tryggður aðgangur að eðlilegu lífi eins fljótt og auðið er.

Fulltrúi félagasamtaka kom á framfæri frekari upplýsingum varðandi vernd kvenna en ástandið er orðið mjög alvarlegt í landinu. Um 90% fólks á flótta eru konur og börn, sögur eru farnar að heyrast um mansal, nauðganir og fleira. Er það óvenjulegt að tölur um slík atvik komi upp á yfirborðið svona fljótt og er það skýr vísbending um að staðan sé slæm. Vinnur UN Women m.a. að því að hvetja til kvennamíðaðrar neyðaraðstoðar.

Þökkuðu nefndarfulltrúar fyrir góða yfirferð. Spurt var um samskipti við aðila átakanna. Útskýrt var að stöðug samskipti eigi sér stað sem miða að því að styrkja virðingu aðila fyrir mannúðarlögum. Það er ekki á ábyrgð mannúðarsamtaka að vopnahlé haldist heldur er það á ábyrgð deiluaðila hverju sinni. Öll brot á mannréttindum og mannúðarlögum eru skráð en ekki gerð opinber nema sem síðasta úrræði ef ekki gengur að tryggja aðgengi eða vopnahlé. Spurt var um móttöku flóttafólks í nágrennaríkjum og hvernig stuðningi ICRC/IFRC væri háttáð. Fulltrúi félagasamtaka svaraði að stuðningur við landsfélög og nágrennaríki fer mikið í að þjálfa upp sjálfbodaliða og starfsfólk, veita stuðning í formi getuuppbyggingar. Rauða kross félög í

nágrannaríkjum misöflug. Úkraínski Rauði krossinn hefur um 7000 manns sem vinna að hjálparstarfi um allt land en þarfir þar eru gríðarlegar og því frekari þörf á fleira fólki og fleiri hjálparsamstökum.

Vakti nefndarfulltrúi athygli á því að þróunarsamvinnunefnd ætti að standa vörð um framlög til samstarfslanda þrátt fyrir aukna þörf vegna Úkraínu. Ættu framlög vegna Úkraínu að vera viðbót við það sem nú þegar er búið að afmarka í fjármálaáætlun. Fjármagn til Úkraínu kemur úr sérstakri fjárveitingu vegna átakanna og er ekki tekið af mannúðarumslaginu. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins tók undir þetta en í framsögu kom fram að þörfin fyrir mannúðaraðstoð í heiminum hefur aldrei verið meiri og hefur Ísland verið með mannúðaraðstoð á ákveðnum svæðum sem mun ekki breytast. Einkum hvað varðar fæðuöryggismál t.d í Jemen og Sahel.

Spurt var um spár varðandi fólk á flóttanum innan landamæra Úkraínu en reiknað er með skv. upplýsingum frá Rauða krossinum á Íslandi að stórar flóttamannabúðir gætu myndast á um 100 km belti frá Belarús og niður til Moldóvu. Er þetta byggt á ferðum fólks og spáum um að margir vilji ekki eða geti ekki farið yfir landamæri en vilji þó vera í öruggu skjóli.

Rætt var um velvilja almennings til að taka þátt í söfnunum vegna Úkraínu og mikilvægi þess að nýta fjármagn skynsamlega og byggt á þörfum. Ræddu nefndarfulltrúar mikilvægi þess að standa vörð um fjárframlög þar sem oft er ekki mögulegt að nýta peninga strax heldur þurfi tíma til að sjá hvar þörfin er mest, hvaða aðgerðir þarfnist mest fjármagns og fleira. Megi því búast við gagnrýni á þá aðila sem eru að veita aðstoð vegna átakanna.

Samkvæmt beiðni nefndarfulltrúa mun fulltrúi utanríkisráðuneytisins taka saman punkta vegna Úkraínu og dreifa til nefndarfulltrúa. agði það sjálfsagt að taka saman punkta og dreifa til nefndarinnar.

### **3. Team Iceland (09:49-10:29)**

Atli Viðar Thorstensen kynnti hugmynd sem hann kallaði Team Iceland. Hugmyndin felst í að merkja framlag Íslendinga, til dæmis með merkimiðanum Team Iceland, sem leið til að auka slagkraft Íslands á alþjóðavettvangi hvað varðar þróunarsamvinnu. Velt var upp spurningum um yfirmarkmið stefnu Íslands og þverlægra málefna endurspeglis í raun í skiptingu fjárframlaga, einkum ef horft er út frá árangri. Í þessu samhengi var nefnt að almenningur á Íslandi er hlynntur þróunarsamvinnu og því endurspeglar það að einhverju leyti árangur.

Velt var upp spurningunni hvernig stjórnvöld gætu nýtt sér frekar tengslanet félagasamtaka við að innleiða stefnu og auka áhrif í langtímaverkefnum. Hvernig skoða mætti fjárframlög frá einstaklingum og fyrirækjum og almennt auka slagkraft Íslands í viðtökuríkjum með leiðandi hlutverki UTN á sviði samstarfs ólíkra aðila.

Nefndarfulltrúar voru sammála um að Team Iceland væri gott slagorð einkum þar sem Ísland hefur marga styrkleika fram að færa á sviði þróunarsamvinnu. Hins vegar er samhæfing sem þessi stórt verkefni og yrði að vera einhugur innan stjórnvalda um stuðning til lengri tíma í formi áætlanagerðar og fjárveitinga. Samstarf ólíkra aðila væri einnig forsenda fyrir góðum árangri einkum hvað varðar forgangsröðun verkefna og fjármagns. Mikilvægt væri að vanda til verka og leggja mikla vinnu í undirbúning áður en farið væri af stað í slíkt verkefni. Mikilvægt

væri að ræða reglulega hvert Ísland stefnir á sviði þróunarsamvinnu og gott sé að ræða þessi mál. Breið þátttaka sé mikilvægur grunnur en einnig þurfi að vera skýr stefna um markhópa, samstarfsríki og fleira.

Bentu nefndarfulltrúar á að huga þurfi sérstaklega að markaðsetningu varðandi framlög Íslands til þróunarsamvinnu með áherslu á málafylgju og framsetningu. Rætt var stuttlega um merkingar bygginga/mannvirka og voru fulltrúar sammála um að það væri ekki það sem væri verið að ýta undir með því að ræða markaðssetningu. Hægt væri að skoða frekara samstarf milli t.d. félagasamtaka og tvíhliða þróunarsamvinnuverkefna Íslands, einnig væri hægt að skoða samvinnu varðandi fjáraflanir. Í þessu samhengi var bent á hvernig Disaster Emergency Committee safnar fjármagni í Bretlandi en þar eru sameiginlegar safnanir ólíkra aðila þar sem heildarfjármagni er síðan skipt milli samtaka eftir á. Hefur þetta aukið hlutfall framlaga til verkefna. Einnig var rætt hvernig best mætti samræma starf innanlands og á alþjóðavettvangi t.d. eins og í gegnum alþjóðarústabjörgunarsveitinga sem var hugsuð til að byggja upp þekkingu og reynslu innalands ásamt því að svara neyð erlendis.

Veltu nefndarfulltrúar upp hvort skoða mætti frekari aðkomu Íslandsstofu einkum í gegnum [Heimstorgið](#). Einnig var bent á hvort skoða mætti hvernig málum væri háttað t.d. annars staðar á Norðurlöndum og hvort hægt væri að tengja hugmyndina um Team Iceland við slagkraft Norðurlanda.

Fulltrúar félagasamtaka nefndu gott samstarf sín á milli og þau samráðskerfi sem nú þegar eru til staðar á alþjóðavettvangi t.d. klasakerfi (cluster system) sem unnið er eftir þar sem byggt er á reynslu samtaka hverju sinni. Velt var upp hvort skoða mætti klasakerfi t.d. á Íslandi þar sem styrkleikar mismunandi aðila séu teknir til greina. Einnig var rætt um samstarf milli ólíkra aðila svo sem einkageirans, háskólasamfélagsins og félagasamtaka sem hefur farið vaxandi á undanförunum árum.

Rætt var um breytingar á lögum hvað varðar stuðning við almannaheillafélög og skráningu almannaheillafélaga sem gæti skilað sér í auknum stuðningi almennings við félagasamtök í þróunarsamvinnu.

#### **4. Upplýsingagjöf til almennings (10:30 – 10:55)**

Sérfræðingar frá upplýsinga- og greiningardeild utanríkisráðuneytisins fóru yfir upplýsingagjöf til almennings varðandi þróunarsamvinnu. Þróunarsamvinna er sérstakur málaflokkur að því leiti að haghafar eru ekki á Íslandi og eiga lítil tækifæri til að koma að umræðunni hérlandis.

Farið var yfir upplýsingagjöf og verkefnastjórn vegna heimsmarkmiðanna en sú vinna er leidd af forsætisráðuneytinu ásamt upplýsingagjöf utanríkisráðuneytisins á sviði þróunarsamvinnu. Fjallað er um upplýsingagjöf í þróunarsamvinnustefnu og hafa verið unnin stefnumið sem skýra nánar áherslur á þessu sviði. eru stefnumiðin í samþykktarferli. Nýttir eru ólíkir miðlar svo sem heimasíða stjórnarráðsins, Heimsljós – fréttaveita um þróunarmál, birtingu fréttu úr Heimsljósi á vísir.is, samfélagsmiðlar, óformleg spjöll og fundir og fliera.

Markhópur vegna upplýsingamiðlunar eru almenningur og er náð til hans að mestu með skrifum í Heimsljós og á vísir.is en skrifaðar eru fréttir daglega. Á síðasta ári voru um 165 þúsund notendur sem lesa forsíðu vísis daglega og fer hver notandi inn u.þ.b. 4x á dag. Greinar Heimsljóss voru til að mynda lesnar um 170 þúsund sinnum á árinu 2021.

Varðandi gagnsæi upplýsinga og aðgengi almennings þá hefur UTN verið að vinna að því að gera stjórnarráðsvefinn aðgengilegri og meira verið að skoða myndræna framsetningu. Einnig hefur vefurinn [www.openaid.is](http://www.openaid.is) verið opnaður og er það stórt skref í því hvernig verið er að auka gagnsæi varðandi framlög til þróunarsamvinnu.

Annar mikilvægur markhópur fyrir upplýsingagjöf eru börn. Hefur Félag Sameinuðu Þjóðanna m.a. verið styrkt til útgáfu á bók um þróunarsamvinnu. Verkefnastjórn um heimsmarkmiðin sem er leidd af FOR hefur einnig framlétt efni sem er miðað að börnum. Einnig hefur UTN átt í samstarfi við KrakkaRúv varðandi þætti um heimsmarkmiðin.

Voru nefndarfulltrúar sammála að gott starf væri unnið á sviði upplýsingagjafar og var þar nefndur samstarfssamningur við vísir.is sérstaklega en veitir samstarfið gríðarleg gott aðgengi fyrir t.d. félagasamtök og aðra aðila til að koma upplýsingum á framfæri við almenning hvað varðar þróunarsamvinnu. Einnig var rætt um mikilvægi þess að fjármunir séu til staðar til að stuðla að góðri upplýsingagjöf til þess að tryggja að almenningur sé upplýstur. Bentu fulltrúar á að bæta mætti leitarskilyrði á heimasíðu stjórnarráðsins svo auðveldara væri að leita að tilteknum fréttum.

Að lokum var fjallað stuttlega um fræðslu til þingmanna en til stendur að bjóða uppá slíkt fyrir þingmenn utanríkismálanefndar á næstu vikum. Mun það vera skoðað að bjóða uppá fræðsluna fyrir breiðari markhóp á Alþingi.

### **Önnur mál (kl. 10:55-10:57)**

AÐ lokinni umræðu um upplýsingamál fjallaði formaður stuttlega um næsta fund nefndarinnar en hann er á dagskrá föstudaginn 29. apríl frá kl. 09-11.

UTN mun hafa samband við nefndarsvið Alþingis til að reyna að finna sem bestan tíma fyrir fundi nefndarinnar út árið.

Formaður þakkaði fulltrúum fyrir þátttökuna og sleit fundi.

### **Fundi lokið 10:57**